

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 142/27
komudagur 18.6.2013

Reykjavík, 18. júní 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um meðferð einkamála (flýtimeðferð), 2. mál

Embætti umboðsmanns skuldara hefur mótttekið beiðni um umsögn frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, þar sem frumvarp til laga um meðferð einkamála (flýtimeðferð), 2. mál hefur verið lagt fram á Alþingi.


Umboðsmaður skuldara hefur áður ritað umsögn um sambærilegt mál, nr. 320, sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Sú umsögn frá 8. mars 2012 einskorðaðist við fjárskuldbindingar sem tengdar voru við gengi erlendra gjaldmiðla og lagði umboðsmaður skuldara áherslu á það að frumvarpið næði fram að ganga. Brýnt væri að leyst yrði úr ágreiningsefnum tengdum gengistryggðum lánnum með sem skjótustum hætti og að réttaróvissu yrði eytt.

Umboðsmaður skuldara leggur nú sem fyrr áherslu á það að brýnt sé að endanleg niðurstaða fái í mál sem tengjast gengistryggðum lánnum og uppgjöri þeirra. Andstætt gengistryggingunni hefur binding fjárskuldbindinga við vísitölu ekki verið dæmd ólögmæt en þó eru margir lántakar sem bíða óþreyjufullir eftir niðurstöðu dómstóla um þann ágreining. Því kann að vera brýnt að málum sem varða verðtrygginguna verði flýtt innan dómskerfisins eins og auðið er.

Rétt er þó að geta þess að frá því að umboðsmaður skuldara ritaði umsögn sína um 320. mál, þann 8. mars 2012, hafa fjölmargir dómur fallið í Hæstarétti. Dómarnir varða bæði skilin milli lögmætra og ólögmætra lána sem tengingu hafa við erlenda gjaldmiðla og það hvernig uppgjöri slíkra skuldbindinga skuli háttað. Að mati umboðsmanns skuldara á nú ekkert að vera því til fyrirstöðu að lánastofnanir endurreikni ólögmæt gengistryggð lán, a.m.k. meginþorra þeirra.

Enn kunna þó einhver ágreiningsefni að vera til staðar sem nauðsynlegt er að fá skorið úr fyrir dómstólum. Ágreiningsmál sem varða tengingu fjárskuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla hafa verið einkar flókin og umfangsmikil og hefur það m.a. valdið því að þau hafa tekið sinn tíma innan dómskerfisins. Í þessum málum kann að reyna á flóknar reikniaðferðir og því hafa lögmenn lántaka oft þurft á sérfræðiaðstoð að halda við meðferð mála. Það er því brýnt að lögmenn lántaka fái hæfilegan tíma til að geta gætt hagsmuna skjólstaðinga sinna og kunna stuttir frestir e.t.v. að gera þeim erfitt fyrir í þeim efnum. Verði frumvarpið að lögum er því nauðsynlegt að þeir séu hafðir með í ráðum þegar dómari sér til þess að lögbundnir frestir séu eins stuttir og mögulegt er.

Virðingarfyllst,



Ásta S. Helgadóttir

Umboðsmaður skuldara